


Texti: Snævarr Guðmundsson

— *Minning* —



Doug í Hrútsfjalli í maí 1985.

Douglas Keith Scott

29 May 1941 – 7 Dec. 2020

Að morgni 7. desember 2020 lést í svefni Doug Scott, á heimili sínu í Vatnahéruðum Englands, eftir baráttu við heilaæxli. Doug var meðal þekktustu fjallgöngumanna 20. aldar. Hann fór víða um heim til þess að klífa fjöll, og heimsótti m.a. Ísland í þeim erindagjörðum á níunda áratug síðustu aldar. Þrátt fyrir að hafa klífað merkar leiðir og fjöll um árabíl ávann hann sér fyrst frægð árið 1975, þegar hann og Dougal Haston (1940-1977) komust fyrstir Bretar á tind Everest. Þeir fóru ekki auðveldustu leið á tindinn heldur hina snarbröttu suðvesturhlíð, sem fram að því hafði staðist allar aðrar atlgögar. Suðvesturhlíðin var á þeim tíma talin ein erfiðasta áskorunin í Himalayafjöllum vegna hæðar og hve berskjaldaðir fjallgöngumenn eru andspænis háloftavindum. Eftir þetta afrek efldist orðspor Dougs enn, því áratugina á eftir kleif hann ásamt félögum sínum í alpastil magnaðar leiðir í háfjöllunum og sýndi svart á hvítu að við ákveðin skilyrði er sú aðferð betri og öruggari en hin hægfara umsáturstækni sem áratugum saman hafði verið ríkjandi í Himalayaleiðöngnum.

Æviminningar sínar, *Up and About* (2015), byrjar Doug með sögu af móður sinni Joyce, sem á unglingsaldri hafði farið til spákonu, er sagði hana eiga eftir að bindast manni í einkennisbúningi prýddum gylltum hnöppum og eignast þrjá drengi. Sá elsti myndi lenda í vandræðum á náttstað hátt uppi, þegar allur heimurinn fylgdist með. Árið 1940 gekk hún í hjónaband með lögreglumanninum og áhugaboxaranum George Scott. Árið eftir, þann 29. maí 1941, fæddist Doug í Nottingham. Þetta er sami mánaðardagur og þegar Tenzing og Hillary náðu á tind Everest-fjalls, en það átti eftir að gerast 13 árum síðar. Tveir bræður hans fæddust seinna. Mörgum árum eftir þetta, á leið niður af Everest, þraukudu Doug Scott og Haston af ískalda nótt í snjóholu undir Suðurtindi í yfir 8760 m hæð, svefnpokalausir og án súrefniskúta. Alla nóttina glímdu þeir við ofskynjanir og hættu á ofkælingu en sluppu lifandi frá án kals. Doug var sérstaklega berskjaldaður því hann hafði skilið dúngalla sinn eftir í efstu búðum og var illa einangraður gagnvart kuldanum. Í fyrstu dagskímu gátu þeir haldið áfram niður. Þetta er enn talið eitt hæsta bi-

vakk sem menn hafi lifað af. Burtséð frá persónulegri skoðun manna á slíkum atburðatengslum þá ritar Doug; „Eftir þetta var mamma alltaf rólegri þegar ég fór að klífa“.

Áhugi Dougs á klifri kviknaði um miðbik sjötta áratugar 20. aldar, þegar hann á unglingsaldri ferðaðist til Peak District í Englandi og sá þar fjallaklifrara í fyrsta sinn. Hann kolféll fyrir hinni ævintýralegu íþrótt. Viku síðar hjólaði hann ásamt félögum sínum 32 km frá Nottingham með þvottasnúrur mæðra sinna í farteskinu, til þess að fara að klífa í þessu fallega héraði Englands. Þar er gnótt kletta sem urðu eins konar æfingasvæði fyrir Doug næstu árin. Á þessum árum öðluðust klifrarar af hans kynslóð gjarnan innblástur af kvikmyndinni *Everest leiðangurinn 1953*, en sem drengur var Doug eirðarlaus og átti fullt í fangi með að sitja kyrr. Hann vildi frekar kanna nágrennið eða þvælast um með vinum. Fyrir vikið gekk skólavistin hægt þegar þráin til að leita á vit ævintýra var svo sterk. En eftir að hafa fallið á prófum var honum sýnd kolanámuvinna. Hann tók sig á og fór í aukatíma í skólanum. Þar uppgötvaði hann lesáhuga sinn og hélt því áfram menntabrautina og lauk síðan prófi sem kennari. Doug giftist tvítugur fyrstu eiginkonu sinni, Janice Brook. Á sjöunda áratugnum þurfti að hagræða kennarastarfinu til þess að finna tíma til spila rúgbý á laugardögum og klífa á sunnudögum. Ásamt því fór fjölskyldan stækkandi.

Scott gat sér góðan orðstír fyrir mjög erfiðar stigaklifursleiðir, sem þótti sjálfsögð og eðlileg aðferð eftir miðbik 20. aldar. Honum hugnuðust vel bröttustu leiðir og kleif slútandi kalksteinsveggi Dólómítanna og Tröllavegginn í Noregi. Hann sagðist alltaf hafa haft mikinn áhuga á stigaklifri, ekki síst á veturna þegar rigndi. Á Englandi er *Scoop* á Strone Ulladale m.a. fræg leið sem hann kleif, árið 1969. Eftir því sem tíminn leið, búinn reynslunni frá Peak District, fór hann að feta framandi slóðir í stærri fjöllum víðs vegar um heiminn. Árið 1963 ferðaðist Doug ásamt félögum sínum til að kanna Tibesti fjöll í Chad og 1965 Hindu Kush í Afganistan. Hann kleif ótrúlegan fjölda nýrra leiða út um allan heim. Hann klífaði með bandarísku klifurgoðsögninni Royal Robbins í Yosemite-dal í Kaliforníu og árið 1970 urðu hann og Austurríkismaðurinn Peter Habeler fyrstu Evrópubúarnir til að klífa Salathé-vegginn á El Capitan. Peter varð seinna meir fyrstur manna til að komast á Everest án súrefnis, ásamt Týrólanum Reinhold Messner. Hinn frjálslegi vettvangur klifrara í Kaliforníu höfðaði vel til Scott sem tileinkaði sér ýmsa síði stórveggjaklifrara. Árið 1973 kleif hann The Nose á El Capitan með Rick White og friklífruðu þeir 65% leidarinnar.

Þegar þarna var komið sögu hafði Doug hætt kennslu en sinni byggingavinnu um skeið. Einn morgun í febrúar 1972 fékk hann símtal frá enska fjallgöngumanninum Don Whillans (1933-1985) sem bauð honum í alþjóðlegan leiðangur á suðvesturhlíð Everest. Þeir myndu fara til Nepal, nokkrum vikum síðar. Í endurminningum sínum segir Scott „Ég geri ekki ráð fyrir að Don hefði boðið mér með ef ég hefði verið starfandi kennari.“ Don var önnur ensk klifurgoðsögn, en sól hans reis hæst á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar. Hann var einnig þekktur fyrir hnyttin tilsvör. Dæmi um það greindi Doug frá í erindi sem hann hélt



Doug Scott klífrar ísvegg í Gígjökli í fyrstu heimsókn sinni til Íslands, í október 1984. Ljósmynd: Torfi Hjaltason.

hér á landi, í október 1984. Í erindinu sagði hann alþjóðlega Everestleiðangurinn vorið 1972 hafa verið litaðan af innbyrðis spennu milli þátttakenda, sérstaklega milli þýsku og ensku fjallgöngumannanna. Þessar þjóðir höfðu um aldir eldað grátt silfur saman. Hið þrungna andrúmsloft varð til þess að margir leiðangursmenn fengu nóg og héldu á brott. Dag einn í aðalbúðum barst sú fregn að England hefði tapað fyrir Þýskalandi í heimsmeistarakeppni í fótbolta. Það hlakkaði í Þjóðverjunum og einn þeirra sagði: „Það virðist sem við höfum sigrað ykkur, ... í þjóðaríþróttinni ykkar,“ Eftir stutt hlé svaraði Whillans: „Já, en við sigrudum ykkur í ykkar þjóðaríþrótt... tvisvar.“

Þrátt fyrir að markmið leiðangursins næðist ekki tókst Doug að sanna sig og uppgötvaði að hann kunni vel við hinn harða heim háfjallaklifurs. Árið 1972 var annasamt en eftir hinn misheppnaða vorleiðangur lá förin til Baffinslands. Þar kleif hann Ásgarðsfjall með Dennis Hennek, Paul Nunn og Paul Braithwaite. Það var í fyrsta skipti sem sem sá magnaði



Dougal Haston og Doug Scott í búðum 6 á Everest, 1975.
Ljósmynd: Úr safni Chris Bonington.

tindur var klifinn. Um haustið 1972 bauð enski fjallgöngumaðurinn Chris Bonington honum í sína fyrstu tilraun við Everest. Það tókst góður vinskapur með þeim Bonington sem átti eftir að endast ævilangt. M.a. fóru þeir í fimm manna hópi fyrstu uppgöngu á Changabang, sem er í Indlandshluta Himalayafjalla, árið 1974 og sama ár fór Doug nýja leið á Pic Lenin í Pamír-fjöllum.

Sem fyrr sagði fór hann á Everest með Haston árið 1975, í leiðangri sem Bonington leiddi. Bonington valdi Doug og Haston í fyrsta hóp á tindinn vegna þess hve þrautseigir og metnaðarfullir þeir voru og að þeir gátu snögglega tekið ákvarðanir undir pressu. Árið 1977 klifu Doug og Bonington fyrstir fjallið Ogre I (Baintha Brakk) í Karakorum, ferð sem jók heldur betur við orðspor Doug fyrir líkamlegan þrótt og andlegan styrk. Þegar þeir sigu niður af tindinum rann hann á ís og tók mikla pendúlsveflu sem endaði á því að hann braut báða fætur. Bonington gat hjálpað honum að hluta en féll sjálfur, braut rifbein og fékk síðan lungnabjúg. Í níu daga — án matar eða verkjalyfja — skreið Scott niður af fjallinu, með mannbrodda reyrða á hnjónum. Báðum var að lokum bjargað af öðrum leiðangursmönnum. Það væri langt mál að rekja ótrúlegan feril Doug Scott sem spannaði meira en 60 ár, og líklega betra að hvetja lesendur að leita frásagna á netinu, eða lesa merkilega ævisögu hans, sem er auðvitað frásögn af fyrstu hendi. Scott ávann sér það alþjóðlega að vera útnefndur sem einn af afkastamestu og merkustu fjallgöngumönnum á seinni hluta 20. aldar. Hann fór í 45 leiðangra og kleif fleiri en 40 nýjar leiðir í háfjöllum Asíu.

Það sem gerði Doug ekki síður sérstakan var að það voru ekki erfiðleikarnir eða fjöldi leiðanna sem skiptu hann öllu máli, heldur viðhorfið og ástriðan til fjallamennskunnar. Í viðtali sagði hann: „Ég les og heyrir í sífellu að klifrarar séu alltaf í mikilli samkeppni um hver sé bestur, en er ekki sammála því, ég myndi taka undir með Don Whillans; það var alltaf keppni en þá frekar um klifurleiðir, ekki sérstaklega til að vera betri klifrari en einhver annar. Við vildum klifra [nýjar] leiðir og það hefði truflað ef einhver annar hefði gert þær á undan okkur, því þar lá áhuginn, að fara eitthvað sem enginn annar hefur farið fyrr. Cicero sagði, á fyrstu öld f.Kr., „það sem manninn hefur alltaf hrifið mest er hið óþekkta.“ Klifurstíllinn og leiðin varð sífellt mikilvægari fyrir Doug en tindurinn. Í seinni leiðöngrum, þar á meðal tilraunum við K2, var eitt stærsta afrekið í hans huga að fara í hópi fjögurra klifrara og klifra í alpastil og án súrefnis nýja afar krefjandi leið upp á Kangchenjunga, þriðja hæsta fjall heims.

Kannski endurspegladi naumhyggja af þessu tagi vaxandi áhuga Doug á andlegum málefnum. Hann aðhylltist búddisma en áhugi á þeim fornu trúarbrögðum kviknaði að hluta til hjá honum sem skóladreng og dýpkaði þegar hann kannaði Himalayafjöll. Búddismi skilgreinir lífið sem þjáningu og reynir að kenna ákveðna breytni til að forðast misgjörðir en tileinka sér góða hegðun, m.a. með hugleiðslu. Tíbetski meistarinn Milarepa, frá 11. öld, og dulspekingurinn George Gurdjieff, voru honum einnig innblástur. Hann sá ævi sína í fjöllum sem hluta af andlegu ferðalagi, sem kannski kom ekki á óvart eftir að hafa upp-



Doug ásamt félögum úr Íslenska alpklúbbum á Gígjökli árið 1984.
Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson.

lifað fjölda ákafra utan-líkama atvika í fjöllumunum. Doug var mikill hugsjónamaður og hugsuður í fjallamennsku og afar hugrakkur. Hann var andsnúinn boltanotkun í þeim mæli sem tíðkast í evrópsku klettaklifri og víðar, þar sem klifurleiðir eru boltaðar með tveggja metra millibili. Svipuð viðhorf voru reyndar algeng á meðal bresku klifurfélaga hans. Þeir töldu það drepa ævintýrið og að klifrarar færu á mis við að meta hve vel þeir gætu klifrað í náttúrulegu óspilltu umhverfi þegar eingöngu var klifrað í boltuðum leiðum. Hér má hafa í huga að viðhorfsbreyting til boltaðra leiða varð á seinni hluta 20. aldar. Það er nokkurn veginn í þann mund þegar Doug var á hátindi síns ferils. Hann hafði klifrað ótrúlegar leiðir án þess að þurfa að bolta. Fyrir þessa kynslóð breskra klifrara hafði áhættan hátt vægi í klifri, í ævintýrinu. Í boltuðum leiðum væri þetta stóra atriði ævintýrisins, sem réði því hversu langt kjarkurinn bar menn, tekið út.

Ásamt því var sterkur hvati að leita óklifinna leiða. Enska klifurgoðsögnin Joe Brown (1930-2020) sagði einu sinni: „Ef þú klifrar ævintýrisins vegna, þá er það að fara nýjar leiðir miklu meira ævintýri en að rýna í leiðarvísi sem segir þér hvar erfiðu hreyfingarnar eru. Þessu tvennu er ekki hægt að líkja saman, allir sem hafa farið nýjar leiðir samþykkja að þetta er ekki hægt að bera saman.“ Doug komst á þá skoðun að það væri betra að hafa konur með í leiðöngrum sínum því þá skapaðist þægilegra og afslappaðra andrúmsloft. Því fóru konur gjarnan með í síðari leiðangra hans. Þær þurftu ekki að hafa þráhyggju fyrir tindunum en kusu heldur að njóta ferðalaga á framandi slóðum.

Hann fékk mikla ástriðu fyrir fjallabúum í Nepal og heillaðist af afslöppuðum lífsstílum. Sú ástriða hélst næstu fimmtíu árin. Honum þótti mikilvægt að geta hjálpað fólki í fátækum samfélögum sem hann kynntist í Himalayaleiðöngrum sínum. Árið 1989 stofnaði hann *Community Action Nepal* (CAN), sem eru góðgerðarsamtök starfrækt í Nepal. Þau voru upphaflega stofnuð til að bæta starfsskilyrði í ferðaþjónustu en þau breyttust síðan í samtök fyrir viðtæk þróunarmarkmið með talsverða fjárhagsáætlun. Árið 1994 reistu samtökin níu herbergja grunnskóla í Ghunsa í Nepal en þau hafa síðan stutt byggingu og viðhald á meira en 20 skólum, heilsugæslustöðvum og björgunarskýlum fyrir burðarmenn (sherpa) í Nepal auk fimmtán annarra samfélagsverkefna, þar á meðal brunna fyrir hreint vatn. Sumt af þessari uppbyggingu varð illa úti í jarðskjálftanum í Nepal þann 25. apríl 2015.

Árið 2011 var Doug sæmdur *Piolet D'Or* orðunni sem er æðsta viðurkenning sem fjallamenn geta öðlast. Hann ritaði nokkrar bækur sem urðu höfundu þessarar greinar mikill hvati til að leita á vit ævintýra í fjöllumunum. Þar má nefna *Big Wall Climbing* (1974), sem er blanda af sögu stórveggjaklifurs og klifuraðferðum þess tíma. Seinni bækur Dougs einblíndu meira á einstaka háfjallaleiðangra í Himalaya. Í þeim birtast ekki aðeins frásagnir um klifurleiðir, áhættu og vandamál sem leiðangursmenn þurfa að fást við heldur líka greinargóðar landfræðilegar samtíðarlýsingar á menningarsamfélögum sem eru framandi flestum Vesturlandabúum. Það er reyndar umhugsunarvert, þegar maður horfir til baka, hvað þessi kynslóð háfjallaklifrara skrifaði mikið um reynslu



Doug Scott skríður fótbrottinn niður af The Ogre árið 1977.

Ljósmynd: Úr safni Chris Bonington.

sína og fjallamennsku. Á áttunda og níunda áratug 20. aldar var það hluti af fjallamennskunni okkar á Íslandi að lesa slíkar bækur og læra af reynslu höfunda.

Doug hafði alltaf verið mjög örlátur í vináttu sinni og gaf mér t.d. bækur sínar áritaðar. Árið 1992 kom út myndræn sjálfævisaga hans; *Himalayan Climber: A Lifetime's Quest to the World's Greater Ranges*. Hann kynnti okkur bókina í Íslandsheimsókn sama ár. Þá sagðist hann hafa nýlega fengið greidd höfundarlaun og vildi ólmur bjóða okkur út í kvöldverð til að fagna því. Bókin dregur svo sannarlega fram hve víða hann fór, í myndum og texta frá ótrúlegustu fjallasvæðum og klifurlendi, þar á meðal Íslandi. Hann var þó ekki alveg sáttur við út-komuna og sagðist hafa ritað frásagnir frá flestum þessara ferða en út-gefandi hafði viljað setja bókina upp með þessum hætti. Mögulega var þetta til þess að hann ákvað tveim áratugum síðar að gefa út æviminn-ingar sínar í tveim bindum. Fyrri bindið, *Up and About*, kom út 2015 og rekur ævina fram yfir Everestleiðangurinn 1985. Seinna bindið mun rekja lífshlaupið eftir það ævintýri. Því miður entist honum ekki ævin til þess að ljúka ritun þess. Ævisöguritara hefur nú verið falið að draga það efni saman og vonandi mun síðara bindið líta dagsins ljós á næstu árum.

Það var dæmigert fyrir Doug Scott að þrátt fyrir veikindi sín síðasta árið setti hann sig í stellingar fyrir fjáröflun hjálparsamtakanna CAN til Covid-19 skimunar fyrir Nepali. Hann fór í bláa klifurgallann, sem hann klæddist þegar hann stóð á tindri Everest 45 árum fyrr, og klöngraðist upp

og niður stigann heima hjá sér 20 sinnum. Eftir á sagði hann þetta hafa verið helvíti líkast! En ég man eftir athugasemd sem hann sagði einhvern tíma við mig; „Það eru erfiðleikarnir sem gera lífið þess virði að lifa.“

Doug Scott skildi tvisvar og lætur eftir sig þriðju eiginkonu sína, Trish (fædd Laing), sem hann giftist árið 2007. Hann eignaðist þrjú börn með fyrstu eiginkonu sinni, Jan — Michael, Martha og Rosie — og tvo syni, Arran og Euan, með Sharu (fædd Prabhu), úr öðru hjónabandi. Undir merki fjallgöngumannsins og mannúðarsinnans hafði Doug talsverð áhrif á margt fólk í Bretlandi og á alþjóðavettvangi og var innblástur til æviloka. Að hans ósk mun hið mikilvæga starf CAN halda áfram.

Íslandsferðir

Haustið 1984 bárust þau tíðindi í íslenska alpaklúbbinn að Doug Scott væri væntanlegur til landsins og myndi halda fyrirlestur um Himalaya-ferðir sínar. Sá sem stóð fyrir þessu var Íslandsvinurinn David Oswin (1945-2005) ljósmyndari og ferðajöfur hér á landi í gegnum ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar, en hann þekkti Doug vel. Í heimsókninni kynntumst við honum og konu hans Jan í fyrsta sinn. Við fórum nokkrir í Stardal, þó veður væri ekki sérstakt, þar sem við klifruðum m.a. Upp-risuna og síðan nýja leið sem var svo nefnd *Scottsleið*, hvað annað? Um kvöldið sótti fjöldi manns myndasýningu hans, sem var mjög eftir-minnileg. Daginn eftir buðum við honum í Gígjökul til þess að klifra ís. Vorið eftir kom Doug aftur til þess að fara á íslensk fjöll. Í það skipti fórum við með honum á Hrútsfjallstinda, Rustanöf og Fallastakkanöf.

Jón Geirsson ritaði stórskemmtilega frásögn um ferðina sem birt var í ársriti íslenska alpaklúbbsins árið 1985. Í þeirri ferð fékk maður nasa-þefinn af því hversu sterkur klifrari Doug var, ekki síst í Hrútsfjalli og Fallastakkanöf. Hann hreíft mikið af fjöllumum og jöklunum í Örafum. Slíkt jöklalandslag var alvanalegt í háfjöllum eins og í Himalaya en ekki svona nálægt sjávarmáli eins og á Íslandi. Þegar við ösluðum blautan snjóinn niður af Hrútsfjallstindum, þann 2. maí 1985, dáðist hann að landslaginu og sagði; „Oh my.., unbelievably magnificent, it's just too much oxygen...“. Hann hélt aftur myndasýningu og heimsókn hans vakti þó nokkra athygli og birtist opnuviðtal við hann í Morgunblaðinu, sunnudaginn 2. júní 1985, um ferð hans á Everest.

Í framhaldi af ferðinni bauðst Helga Benediktssyni og mér síðar meir þátttaka í leiðangri til Karakorumfjalla í Pakistan. Þar átti að fara á stórfjöll, þ. á. m. 8000 m tinda. Þetta var fyrsti Himalayaleiðangur sem Íslendingar tóku þátt í, þar sem markmiðið var að komast á slíka tinda. Í undanfara ferðarinnar gistum við Helgi nokkrar nætur hjá Doug á heimili hans í Cumbria. Þar kynntumst við m.a. syni Dougs, Michael Scott, sem var þátttakandi í ferðinni og heimsótti einnig Ísland ári síðar. Pakistanferðin reyndist mér og mörgum öðrum hins vegar endaslepp vegna matareitrana og fóru nokkrir þátttakendanna heim fyrr en ætlað var af þeim sökum. Þrátt fyrir veikindin í þessari ferð tókst Helga engu að síður að fara á fjallið Diran (7266 m) ásamt Doug og fleiri þátttakendum. Diran var um tíma hæsti tindur sem Íslendingur hafði staðið á.

Árangursdrjúg för Dougs til Íslands 1985 leiddi einnig til þess að nokkrir félagar hans heimsóttu landið. Ári síðar (1986) kom Michael Scott og í júní 1987 Chris Bonington. Doug kom á nýjan leik árið 1992 til þess að klifra. Það voru einhverjir köldustu páskar til þess að hirst á tjöldum á flötunum á Skaftafelli og var tjaldsvæðið þakið snjó. Við Helgi reyndum að fara með hann á Tindaborg en á okkur skall bálvíðri með ofankomu og hvítblindu áður en við komumst að tindinum. Um kvöldið var okkur boðið að gistibústaðnum við Bólta, af vinum okkar Torfa Hjaltasyni, Önnu Láru Friðriksdóttur og Guðmundi Péturssyni. Eitthvað töfðumst við fram eftir kvöldi enda var kátt á hjalla og gestrisnin mikil í yhljújum bústaðnum. Þegar við bjuggumst til brottfarar kallaði náttúran. Úti við var malarslóðinn framan við bústaðinn aðeins úr fókusi! Náttúran hefur einnig kallað Doug á sinn fund, því allt í einu sprænum við þarna hlið við hlið og flissum. „Heyrðu, af hverju þissum við ekki í kross?“ Við fram-kvæmum gjörningin og hlæjum eins og fiflin ein gera. „Icelanders,“ segir Doug hlējandi, „...they are so kind, cruelly kind.“ Síðar í þessari ferð klifum við nýja leið á Fallastakkanöf en frá henni er m.a. sagt í árs-riti Ísalp 2017.

Á þessum tíma höfðu orðið breytingar á högum Dougs. Hann og Jan höfðu skilið að borði og sæng en Doug tekið upp samband með ind-versku fjallakonunni Sharu Prabhu. Þau höfðu klifið saman nokkur fjöll í Himalaya. Doug og Sharu heimsóttu Ísland og við fórum með þau m.a. í norðvesturvegg Skessuhorns en þau hjónakornin ákváðu að láta gott heita eftir tvær spannir í veggnum. Doug og Sharu giftu sig árið 1993 en slitu samvistum tíu árum síðar. Í mars 2001 kom hann ásamt

sínum ensku vinum, Chris Bonington og Jim Fotheringham. Doug hélt myndasýningu 18. mars um ferðir sínar til Tibet, Bútan, Nepal og Ind-lands. Þeir settu einnig upp ljósmyndasýningu í Kringlunni.

Síðasta skipti sem Doug kom hingað til Íslands var haustið 2003. Hann var þá að ganga í gegnum skilnaðinn við Sharu og hafði með sér drengina tvo, Arran og Euan, sem þá voru á barnsaldri. Hann stóð í forræðisdeilu við Sharu en hafði sigur að lokum. Við Helgi fórum með hann í Landmannalaugar, þar sem við gengum á Grænahnjúk. Þá voru hnén farin að gefa sig og ljóst að tími stórvirkja var að baki. Raunar voru hnén farin að gefa sig nokkrum árum fyrr. Síðasta stórleið sem hann hafði klifið var fyrsta uppganga á fjallið Targo Ri (6572 m) í Tíbet, í október 2000. Í þetta skipti gisti hann heima hjá mér ásamt drengjunum litlu. Morgunin eftir kom ungur blaðamaður í heimsókn sem hafði óskað eftir að taka viðtal við Doug. Á milli spurninga og svara Dougs tjáði ungi maðurinn sig um hvaða jaðariþróttir hann sjálfur hefði prófað og hverjar stóð til að reyna sig við í framtíðinni. Doug stoppaði hann og var svolítið hissa á þessu viðhorfi. „Hvers vegna í ósköpunum?“ spurði hann. „Ef þú ætlar að verða góður í einhverju þá er ekki annað val en að einblína á eitt þeirra, það nær enginn árangri nema með ásetningi.“

Síðustu árin heyrði ég sjaldnar frá Doug en eftir að klifurferlinum lauk hafði hann helgað sig góðgerðarstarfinu í Nepal. Var hann svolítið á þönum á milli Englands og Nepal. Ég sendi honum skeyti eftir að hafa rekist á smá villu í æviágripi hans varðandi klifurferðir á Íslandi. Þetta var árið 2017. Hann þakkaði ábendinguna og vildi á móti senda mér fyrri bindi æviminninganna, sem hann og gerði. Þetta var svo líkt honum, örlátur og minnugur vana sinna. Síðustu árin, eftir að klifurferl-inum lauk, starfaði hann í nefndum og var forseti eða heiðursfélagi fjallgönguklúbba víða um heim og leit á sig sem síðferðilega sál íþrótt-arinnar. Hann leiðbeindi jafnframt nýjum kynslóðum klifrara sem að-hylltust hugmyndina um alpastílsklifur í Himalaya.

Það leikur enginn vafi á að heimsóknir Dougs Scott til Íslands, þó sér-staklega 1985, höfðu afar jákvæð áhrif á fjallamennskuna sem hér var stunduð. Þó hafði ýmislegt verið gert fram að því og talsvert búið að móta veg fjallamennskunnar, bæði í ís og klettum. Samt sem áður voru óvissuþættir í sjónmáli, t.d. hvort verið væri að gráða leiðir á sambæri-legan hátt og á klifursvæðum erlendis eða hvaða skref myndu leiða til frekari framfara. Þegar horft er til baka er ljóst að frá þessum tíma verða griðarmiklar framfarir hjá íslenskum fjallaklifrurum og klifur-íþróttin fer að taka skýrari stefnu, bæði sem klettaklifur og ísklifur ásamt því að ferðir í háfjöll Himalaya fara að aukast. Ekki sér enn fyrir endann á þeirri vegferð. Það má því segja áhrifin hafa varðað veg til framfara í fjallamennsku á Íslandi og núverandi kynslóðir klifrara njóta einnig góðs af því.